

Eigindleg rannsókn: Viðtöl og vettvangur

✚ Markmið:

- Beita eigindlegum rannsóknaraðferðum (djúpvíðtöl / opin viðtöl) við að rannsaka efni að eigin vali.

✚ Undirbúningur:

- Skipta sér niður í 2-4 manna rannsóknarhópa.
- **Lesið vel** hlutann um eigindlegar rannsóknir í námsefninu (hluti af k. 2) og glósur frá kennara.
- **Ákveðið viðfangsefni (byggist á því að hafa fundið nægilega marga viðmælendur)** og lesið sér til um það efni sem á að rannsaka í bókum eða á netinu. Ath. nauðsynlegt er að **vitna í nokkrar ritaðar heimildir** fyrir utan viðmælendur.
- Semja **4-6 rannsóknarspurningar**. Skipta því næst rannsókninni niður í nokkra undirkafla út frá rannsóknarspurningunum og aðgreina þá með undirfyrirsögnum eða svokölluðum **efnisþáttum**. Semja svo nokkrar spurningar (fyrir ykkar viðmælendur) fyrir hverja rannsóknarspurningu og efnisþátt. Spurningalistinn fyrir ykkar viðmælendur á að innihalda um **12-20 opnar spurningar (lágmark) sem byggja á efnisþáttunum og rannsóknarspurningunum**.
- **Bóka viðtöl við viðmælendur** – helst í heimahúsi eða í einrúmi þar sem er næði til að spjalla saman. **Fjöldi viðmælenda skal vera 2-4** (ca. 1 á mann en þó **aldrei færri en 2 viðmælendur**). Helst ekki taka viðtal við fleiri en einn í einu. **Lágmark að taka tvö viðtöl**.
- Gera **vettvangsrannsókn** og þá helst **þátttökuathugun** (sjá kennslubók og glærur). Nauðsynlegt er að vettvangurinn tengist rannsóknarefninu. Gott er að fara með einhverjum viðmælenda á vettvang – hann gæti verið ykkar „**hliðvörður**”. Ef rannsóknarefnið býður ekki upp á þátttökuathugun þá þarf að bæta við einu auka viðtali í staðin (fjölga viðmælendum um einn) til að bæta upp fyrir að þátttökuathugun vanti.
- Athugið vel **gráa kassann á bls. 45** sem sýnir þau atriði sem þið eigið að skrá niður á vettvangi og hafa í rannsóknarskýrslunni ykkar. Frjálst er að bæta við fleiri atriðum sem þið viljið skrá niður af vettvangi sem tengjast rannsókninni ykkar.

✚ Framkvæmd:

- Fara á vettvang eða í heimahús og taka **viðtöl** við þá aðila sem þið hafið valið fyrir þessa rannsókn. Hvert viðtal ætti að taka um **30-60 mínútur**.
- Æskilegt er að **taka viðtalið upp** á síma/tölvu/myndbandsupptökuvél og **afrita viðtalið ásamt athugasemdum** eftir að heim er komið. Ef þið getið ekki tekið upp viðtalið verðið þið að skrá niður allt það helsta sem viðmælendur ykkar segja meðan á viðtölunum stendur.
- Gera vettvangsrannsókn – **þátttökuathugun** – ef það passar við rannsóknarefnið.

✚ Úrvinnsla:

- **Afrita** gróflega **viðtölin** og skrifa inn **athugasemdir** um viðmælendur og rannsóknarefnið þar sem við á.
- Bera saman upplýsingar frá viðmælendum eftir efnispáttunum (**þemagreina og kóða viðtölin**).
- **Draga saman helstu niðurstöður eftir efnispáttunum.**
- Semja **rannsóknarskýrslu** (á word skjali) þar sem þið gerið grein fyrir undirbúningi, framkvæmd og helstu niðurstöðum rannsóknarinnar.

- ✚ **Rannsóknarskýrslan:** Lengd fyrir utan forsíðu og heimildaskrá ca. 6-8 bls. (fer eftir fjölda í rannsóknarhóp) miðað við 1 ½ línubil og 12 punkta letur.

Forsíða: Fullt nafn allra sem unnu að verkefninu. Heiti rannsóknarinnar ásamt skemmtilegri mynd. Nafn skólans, kennara, áfanga og annar + árið.

Inngangur (25%):

- Hvert er viðfangsefni rannsóknarinnar (útskýra) og hvers vegna var það valið?
- Vitna í aðrar ritaðar heimildir (t.d. aðrar rannsóknir) og setja fram almennar upplýsingar um ykkar rannsóknarefni.
- **Rannsóknarspurningar** ásamt **efnisþáttum** settar fram. (Ekki það sama og spurningar á spurningalistanum).
- Skilgreina helstu **lykilhugtök** rannsóknarinnar (vitna í heimildir)
- Segja aðeins frá bakgrunni viðmælenda ykkar (nota dulnefni). Hvers konar þátttakendur voru valdir til að taka þátt í rannsókninni og af hverju?

Aðferðir (10%):

- Umfjöllun um **eigindlegar aðferðir** (vettvangsrannsókn og opin viðtöl)
- Umfjöllun um undirbúning og framkvæmd rannsóknarinnar.

Niðurstöður (35%):

- Umfjöllun um **vettvangsrannsóknina** ef hún var gerð og helstu niðurstöður hennar. (10%)
- **Greina frá því helsta sem kom út úr viðtölunum** og skipuleggja þá samantekt út frá **efnisþáttunum**. Nauðsynlegt er að **vitna** talsvert í **viðtölin** (nota þá gæsalappir) um leið og þið berið saman það helsta sem ykkar viðmælendur sögðu út frá efnispáttunum. (20%)
- **Svara** ykkar **rannsóknarspurningum** út frá því sem kom fram í niðurstöðunum. (5%)

Umræður og lokaorð (10%):

- Setja fram tilgátur út frá niðurstöðum rannsóknarinnar og ræða aðeins niðurstöðurnar. Hvað væri spennandi að rannsaka í framtíðinu?
- Hvernig var að gera þessa rannsókn? Hvernig leið ykkur? Ykkar mat á rannsókninni. Hvernig gekk? Kom eitthvað á óvart?

Heimildanotkun (10%):

- Munið að vitna stöðugt í heimildir í rannsóknarskýrslunni. Heimildaskrá á svo að vera aftast. Athugið að nota APA kerfið (sjá leiðbeiningar undir “Bókasafn” á heimasíðu MK).

Skipulag, frágangur, málfar og stafsetning: 10%

Gangi ykkur vel ☺ Hjördís